

Um ECVET - Evrópska námseiningamatskerfið fyrir verknám og þjálfun

Forsaga

Hreyfanleiki vinnuaflds er nauðsynlegur hluti þess, ekki aðeins hvað snertir að stuðla að efnahagslegri samþættingu Evrópu burtséð frá öðrum ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að mynda einn innri markað fyrir vörur og þjónustu, heldur einnig við að efla samskipti milli þjóða, jafnframt því að þokast nær myndun evrópskrar samsemdar. Hins vegar verður varla sagt að hinn efnahagslegi veruleiki uppfylli þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að unnt sé að ná þessum markmiðum. Hvað snertir evrópska starfsmenn kann *upphafsverkmenntunarskeið* þeirra að vera sá tími ævinnar þar sem þeir geta átt kost á að öðlast reynslu af hreyfanleika á unga aldri en starfsnemaskipti milli Evrópulanda eru enn litill hluti af heildarflæðinu. Í starfsáætlun sem uppkast var gert að í Lissabon í febrúar 2002 féllst ráðherranefnd menntamálaráðherra Evrópusambandsins á kerfisbundna og skipulagða samvinnu um menntun innan Evrópusambandsins og í yfirlýsingunni kenndri við Kaupmannahöfn (2002) kemur fram skilgreining á því sem nefnt er sameiginlegt verkefni og beinist sérstaklega að því að þróa námsmatskerfi fyrir verkmenntun og þjálfun: Við þróun ECVET (*European Credit (Transfer) System for Vocational Education and Training*) er höfð hliðsjón af þeirri aðferð sem beitt var við Evrópska námseiningamatskerfið (ECTS – European Credit Transfer System) fyrir innri námsmannaskipti en það hefur verið starfrækt frá 1989. Í *evrópska námseiningamatskerfinu fyrir verknám og þjálfun* mun þar að auki þurfa að taka tillit til *tiltekinnar verkmenntunar og þjálfunar*. Af þessum sökum kom ráðið á fót starfshópi um tæknileg atriði en hann hóf störf í desember 2002. Sú undirbúningsvinna sem starfshópurinn vann nýttist sem grundvöllur að tillögu að ECVET-líkani en það var kynnt aðalframkvæmdastjórum fyrir almenna- og verknámsmenntun í Brussel í júlí 2005. Nú er unnið að því að útfæra þessar tillögur nánar, ekki hvað síst með tilliti til rannsóknarverkefnanna *ECVAT reflector* (www.ecvet.net) og *ECVAT connexion* (www.ecvetconnexion.com).

Eðli og hlutverk ECVET

Á sviði verkmenntunar og þjálfunar felst hlutverk framkvæmdastjórn ESB gagnvart aðildarríkjunum í stuðningi og viðbótum, en taka þarf tillit til að í 149. grein Evrópusáttmálans er sett fram bann við samræmingu og í 150. grein er lagt bann við afskiptum miðstjórnarvalds af kerfi þjóða um verkmenntun og þjálfun. Í samræmi við dreifræðisregluna hefur ECVET komið fram með kerfi sem byggt er á sjálfviljugri þátttöku aðildarríkja Evrópusambandsins en þar er tekið tillit til löggjafar ríkjanna um verkmenntun og þjálfun með það í huga að mynda gagnsæi milli kerfanna.

ECVET er kerfi til söfnunar og tilflutnings á námseiningum fyrir verkmenntun og þjálfun og gerir kleifa skráningu og staðfestingu á verknámsmenntun handan “kerfislandamæra”.

- Einkum og sér í lagi beinist þetta að *landamærum þjóðlegra kerfa verkmenntunar og þjálfunar*. Nemendum sem varið hafa tilteknum þjálfunartíma í öðru Evrópulandi gefst þannig tækifæri til að fá hann viðurkenndan sem hluta af þjálfun þeirra í heimaríkinu.
- Annar þáttur er efling á *hreyfanleika nemenda innan tiltekins menntakerfis*, þ.e.a.s. að tryggja *bæði lóðréttan og láréttan gljúpleika* milli hluta kerfisins en einkum á milli verkmenntunar og æðri menntunar í Evrópu.
- Að lokum verður það til hagsbóta fyrir nemendur *utan menntakerfisins*. Þar sem ECVET tekur einnig tillit til óformlegs náms (þ.m.t. starfsþjálfunar) mun ECVET tryggja viðurkenningu þess eins og ráð er fyrir gert í löggjöf ríkisins.

ECVET gerir kleift að skrá, og leggja faglegt mat á niðurstöður náms sem hefur farið fram í öðru landi – hvort sem um er að ræða fastmótað eða óhefðbundið starfsnám. Aðferðin er persónubundinn, þ.e.a.s. byggt er á staðfestingu á þekkingu einstaklingsins, hæfni hans og getu¹ sem myndar grundvöll fyrir samansöfnun þeirra og tilflutningi og mun ECVET tryggja skráningu, staðfestingu og viðurkenningu á námsárangri sem náðst hefur erlendis og verður þá bæði tekið tillit til formlegrar verkmenntunar og óformlegra sambanda. Að nota námsárangur sem viðmiðun virðist við hæfi þar sem verkmenntunarkerfi og einstaklingsbundin námskeið eru mjög mismunandi, ólíkt ástandinu á háskólasviðinu. Lýsingum á námsárangri er gefið gildi með svokölluðum *einingum* en í þeim sameinast ýmsir þættir þekkingar, hæfni og getu og þær uppfylla þannig tvenns konar tilgang:

- Í skilgreiningunni *eining* felst að ítarlegri útlistun á þekkingu, hæfni og getu þurfi að hafa náðst (eigindavíddin).
- Jafnframt þessu skal hver eining taka til tiltekinna námseininga svo unnt sé að meta þau í tengslum við “full réttindi” burtséð frá síðari skilgreiningu innan viðkomandi ríkis (magnbundin vídd).

Þar sem þættirnir eru bæði háðir tilflutningi og samansöfnun ýta *einingarnar* á þennan hátt undir hreyfanleika. Leiðir til að *tengja* þær lúta reglugerð viðkomandi ríkis á sama hátt og starfslýsingar og námskrá verknámsins.

¹ Þekking, hæfni og geta er viðhaft með skírskotun til ráðgjafarritgerðar EQF.

Frá sjónarhóli nemandans má lýsa samansöfnun og tilflutningi sem hér segir:

- Meðan á dvöl nemandans erlendis stendur aflar hann sér tiltekinnar þekkingar, hæfni og getu í formi einnar eða fleiri eininga. Námsárangurinn verður *skráður* og þegar dvölinni erlendis lýkur verður hann *fluttur til og bætt* við námskeið sem lokið verður í heimalandinu. Hinum nýju einingum verður *bætt við* þær sem aflað hefur verið áður.
- Einingum er hægt að safna saman með staðfestum árangri við verknámsreynslu sem aflað er í hvað aðildarlandi Evrópusambandsins sem vera skal þar sem viðeigandi ferli eru fyrir hendi og verður bætt við heildarmentuna eins og hún er skilgreind í viðkomandi landi. Ríki sem eiga aðild að kerfinu tilnefna fullnægjandi aðila, þ.e. stofnanir í aðildarríkjunum sem gefa út viðurkennd prófskírteini.

Frá tillögum til kerfis

Af lýsingu á grundvallarþáttum og starfsemi ECVET má ljóst vera að ferlið í heild kallar á fjölda þátttakenda hjá hverri þjóð og slíkt kallar því á niðurstöðu ráðstefna og samninga.

Af þeim sökum þarf ECVET-kerfið að sjá fyrir margvíslegum búnaði og upplýsingaveitum. Þótt sumt hafi þegar verið hannað fyrir evrópskar aðstæður og kynnt hjá þjóðríkjunum t.d. með EUROPASS eða öðrum ECVET-búnaði sem nauðsynlegur er fyrir útfærslu þess og er enn verið að þróa.

- *Orðsending um samkomulag* – sem aðaltæki – hefur yfirbragð samkomulags sem gert er af fúsum og frjálsum vilja milli þeirra sem annast verkmenntun, ríkisstofnana og annarra hæfra aðila í aðildarríkjunum. Leitast er við að skapa gagnkvæmt traust með því að hafa stjórn á samstarfsháttum á sviði staðfestinga og viðurkenninga á hæfni í tengslum við hreyfanleika almennt talað.
- *Námssamningurinn* verður undirritaður af fulltrúum menntastofnana í báðum þeim löndum sem hlut eiga að máli og nemandanum. Í honum er lýsing á þeim námsárangri sem krafist er meðan á hreyfanleikanum stendur bæði með eigindaskilyrðum og magnbundnum skilyrðum og skal hann (námssamningurinn) vera undirritaður bæði af sendi- og móttökuaðilum og af nemandanum.

Ráðgert er að endanleg handbók um ECVET-kerfið verði fánleg fyrir árslok 2006.

(Samantekt úr: Isabelle Le Mouillour, Evrópska námsmatskerfið fyrir verkmenntun: Staða og framtíðarsýn)